

# Leiðbeiningar um flokkun á sölu eldsneytis



Höfundar:  
Ágústa Loftsdóttir  
Jón Vilhjálmsson

OS-2014/04

 **ORKUSTOFNUN**

# Leiðbeiningar um flokkun á sölu eldsneytis.

**Skýrslunúmer: OS-2014-04**

ISBN 978-9979-68-348-3

**Orkustofnun**




 **ORKUSTOFNUN**

<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2014-04	<b>Dags.:</b> 12. desember 2014	<b>Dreifing:</b> Opin <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð <input type="checkbox"/>
		<b>Skilmálar:</b>

<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Leiðbeiningar um flokkun á sölu eldsneytis	<b>Upplag:</b> Rafrænt
	<b>Fjöldi síðna:</b> 31
<b>Höfundar:</b> Jón Vilhjálmsson og Ágústa Loftsdóttir	<b>Verkefnisstjóri:</b> Ágústa Loftsdóttir
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Uppfærð útgáfa frá skýrslu nr. OS-2007-09	<b>Verknúmer:</b> 4157004

<b>Unnið fyrir:</b> Orkustofnun
<b>Samvinnuaðilar:</b> Eldsneytishópur Orkuspárnefndar

<b>Útdráttur:</b> Settar eru fram leiðbeiningar til eldsneytissala um flokkun eldsneytis við skil gagna til Orkustofnunar vegna eldsneytisspáa, kolefnisbókhalds o.fl.
---

<b>Lykilorð:</b> Eldsneyti, eldsneytisnotkun	<b>ISBN-númer:</b> 978-9979-68-348-3
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> 
	<b>Yfirfarið af:</b>



# Efnisyfirlit

## Inngangur 9

<b>01 Flugvélabensín</b> .....	<b>10</b>
10120 Flugvélabensín tekið hér á landi, innlend notkun .....	10
10121 Flugvélabensín tekið hér á landi, millilandanotkun .....	10
Flugvélabensín til endursölu .....	10
<b>02 Bensín</b> .....	<b>11</b>
10210 Blýlaust bensín á bifreiðar .....	11
Blýlaust bensín til endursölu .....	11
<b>03-04 Steinolía/Þotueldsneyti</b> .....	<b>12</b>
10310 Steinolía, samgöngur annað en flug .....	12
10390 Steinolía, heimili/annað .....	12
10420 Steinolía/Þotueldsneyti tekið hér á landi, innlend notkun .....	12
10421 Steinolía/Þotueldsneyti tekið hér á landi, millilandanotkun .....	12
Steinolía og þotueldsneyti til endursölu .....	12
<b>05 Dísilolía</b> .....	<b>13</b>
10510 Dísilolía á bifreiðar (frá söludælu) .....	13
10511 Dísilolía á tæki (frá bíl) .....	13
10530 Dísilolía, innlend fiskiskip .....	13
10531 Dísilolía, erlend fiskiskip .....	13
10532 Dísilolía, önnur skip, innlend notkun .....	13
10533 Dísilolía, önnur skip, millilandanotkun .....	13
10540 Dísilolía, húshitun og sundlaugar .....	13
10551 Dísilolía, steinefnaiðnaður .....	13
10552 Dísilolía, framleiðsla og vinnsla málma .....	13
10553 Dísilolía, matvæla- og drykkjarvöruíðnaður utan fiskimjölsiðnaðar .....	13
10554 Dísilolía, fiskimjölsiðnaður .....	13
10555 Dísilolía, efnaiðnaður .....	13
10559 Dísilolía, annar iðnaður .....	14
10560 Dísilolía, orkuvinnsla .....	14
10590 Dísilolía, annað .....	14
Dísilolía til endursölu .....	14
<b>06 Skipagasolía</b> .....	<b>15</b>
10630 Skipagasolía, innlend fiskiskip .....	15
10631 Skipagasolía, erlend fiskiskip .....	15

10632	Skipagasolía, önnur skip, innlend notkun .....	15
10633	Skipagasolía, önnur skip, millilandanotkun .....	15
10640	Skipagasolía, húshitun og sundlaugar .....	15
10651	Skipagasolía, steinefnaiðnaður .....	15
10652	Skipagasolía, framleiðsla og vinnsla málma .....	15
10653	Skipagasolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar .....	15
10654	Skipagasolía, fiskimjölsiðnaður .....	15
10655	Skipagasolía, efnaiðnaður .....	15
10659	Skipagasolía, annar iðnaður .....	15
10660	Skipagasolía, orkuvinnsla .....	15
10690	Skipagasolía, annað .....	16
	Skipagasolía til endursölu .....	16
<b>07</b>	<b>Flotadísilolía .....</b>	<b>17</b>
10730	Flotadísilolía, innlend fiskiskip .....	17
10731	Flotadísilolía, erlend fiskiskip .....	17
10732	Flotadísilolía, önnur skip, innlend notkun .....	17
10733	Flotadísilolía, önnur skip, millilandanotkun .....	17
10740	Flotadísilolía, húshitun og sundlaugar .....	17
10751	Flotadísilolía, steinefnaiðnaður .....	17
10752	Flotadísilolía, framleiðsla og vinnsla málma .....	17
10753	Flotadísilolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar .....	17
10754	Flotadísilolía, fiskimjölsiðnaður .....	17
10755	Flotadísilolía, efnaiðnaður .....	17
10759	Flotadísilolía, annar iðnaður .....	17
10760	Flotadísilolía, orkuvinnsla .....	17
10790	Flotadísilolía, annað .....	18
	Flotadísilolía til endursölu .....	18
<b>08</b>	<b>Svartolía .....</b>	<b>19</b>
10830	Svartolía tekin hér á landi, innlend fiskiskip .....	19
10831	Svartolía, erlend fiskiskip .....	19
10832	Svartolía, önnur skip, innlend notkun .....	19
10833	Svartolía, önnur skip, millilandanotkun .....	19
10840	Svartolía, húshitun og sundlaugar .....	19
10851	Svartolía, steinefnaiðnaður .....	19
10852	Svartolía, framleiðsla og vinnsla málma .....	19

10853	Svartolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar .....	19
10854	Svartolía, fiskimjölsiðnaður .....	19
10855	Svartolía, efnaiðnaður .....	19
10859	Svartolía, annar iðnaður .....	19
10860	Svartolía, orkuvinnsla .....	19
10890	Svartolía, annað .....	19
	Svartolía til endursölu .....	20
<b>09</b>	<b>Kol og koks .....</b>	<b>21</b>
10950	Kol, iðnaður .....	21
10952	Kol, framleiðsla og vinnsla málma .....	21
10956	Koks, iðnaður .....	21
10957	Koks, framleiðsla og vinnsla málma .....	21
10990	Kol, annað .....	21
10991	Koks, annað .....	21
	Kol/Koks til endursölu .....	21
<b>10</b>	<b>Gas .....</b>	<b>22</b>
11040	Gas, heimili .....	22
11041	Gas, landbúnaður .....	22
11050	Gas, iðnaður .....	22
11052	Gas, framleiðsla og vinnsla málma .....	22
11080	Gas, þjónusta .....	22
11090	Gas, annað .....	22
	Gas til endursölu .....	22
<b>11</b>	<b>Metan .....</b>	<b>23</b>
21110	Metan á bifreiðar .....	23
21160	Metan til orkuvinnslu .....	23
21190	Metan, annað .....	23
	Metan til endursölu .....	23
<b>12</b>	<b>Vetni .....</b>	<b>24</b>
21210	Vetni á bifreiðar .....	24
21290	Vetni, annað .....	24
	Vetni til endursölu .....	24
<b>13</b>	<b>Úrgangsolía, skautleifar og timburkurl .....</b>	<b>25</b>
21356	Úrgangsolía .....	25
21357	Skautleifar .....	25



21358	Timburkurl .....	25
	Úrgangsolía/Skautleifar/Timburkurl til endursölu .....	25
<b>14</b>	<b>Lífdísilolía .....</b>	<b>26</b>
21410	Lífdísilolía á bifreiðar .....	26
21411	Lífdísilolía á tæki .....	26
21430	Lífdísilolía, innlend fiskiskip .....	26
21431	Lífdísilolía, erlend fiskiskip .....	26
21432	Lífdísilolía, önnur skip, innlend notkun .....	26
21433	Lífdísilolía, önnur skip, millilandanotkun .....	26
21440	Lífdísilolía, húshitun og sundlaugar .....	26
21451	Lífdísilolía, steinefnaiðnaður .....	26
21452	Lífdísilolía, framleiðsla og vinnsla málma .....	26
21453	Lífdísilolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar .....	26
21454	Lífdísilolía, fiskimjölsiðnaður .....	26
21455	Lífdísilolía, efnaiðnaður .....	26
21459	Lífdísilolía, annar iðnaður .....	26
21460	Lífdísilolía, orkuvinnsla .....	27
21490	Lífdísilolía, annað .....	27
	Lífdísilolía til endursölu .....	27
<b>15</b>	<b>Etanól .....</b>	<b>28</b>
21510	Etanól á bifreiðar .....	28
21590	Etanól, annað .....	28
	Etanól til endursölu .....	28
<b>16</b>	<b>Metanól .....</b>	<b>29</b>
21610	Metanól á bifreiðar .....	29
21656	Metanól til lífdísilframleiðslu .....	29
21690	Metanól, annað .....	29
	Metanól til endursölu .....	29

# Inngangur

Við áætlanagerð varðandi eldsneytisnotkun er mikilvægt að hafa sem bestar upplýsingar um það til hvers landsmenn nota eldsneyti. Slíkar upplýsingar hafa fengist frá olíufélögunum og hafa þau sent söluskýrslur til Orkustofnunar.

Samkvæmt lögum um Orkustofnun nr. 87/2003 er eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings. Í samræmi við þetta hlutverk, safnar Orkustofnun gögnum um jarðefnaeldsneyti sem og upplýsingum um aðra orkunýtingu á Íslandi.

Til að sinna hlutverki því sem lýst er hér að ofan, er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuframleiðslu og orkunotkun, þ.m.t. gagna um innflutning, geymslu og sölu á jarðefnaeldsneyti. Skyld er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni gögn samkvæmt reglugerð nr. 870/2013 um söfnun gagna um innflutning, geymslu og sölu á eldsneyti.

Lög um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi nr. 40/2013, sem tóku gildi 10. apríl 2013, skylda söluaðila eldsneytis að tryggja lágmarks hlutdeild vistvæns eldsneytis til samgangna á ársgrundvelli.

Markmið laganna er að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

Orkustofnun hefur endurnýjað leiðbeiningar sínar um flokkun eldsneytisnotkunar sem upphaflega voru unnar árið 1982. Einnig hefur nú verið tekið tillit til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á undanförunum áratug svo sem vegna alþjóðlegra skuldbindinga hvað varðar gögn um útblástur gróðurhúsalofttegunda. Einnig hefur verið tekið tillit til breytts innflutnings á eldsneyti og af þeim sökum hefur tegundum eldsneytis fjölgað nú frá eldri leiðbeiningum. Jafnframt hefur þeim eldsneytistegundum sem framleiddar eru hérlendis, s.s. lífdísilólíu, metan og vetni, verið bætt við.

Ef óljóst er hvernig flokka ber söluaðila leiðbeinir Orkustofnun um það. Eftirfarandi starfsmenn Orkustofnunar hafa umsjón með þessum gögnum og taka þær við fyrirspurnum og veita aðstoð.

Ágústa S. Loftsdóttir og Anna Lilja Oddsdóttir, eldsneyti@os.is

## 01 Flugvélabensín

Flugvélabensíni er skipt niður í tvo flokka, m.a. til að hægt sé að fá sérstaklega innlendu notkunina fram, þar sem millilandanotkun fær aðra meðhöndlun en innlend notkun í alþjóðlegri tölfraði og við útreikninga á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Sú breyting er nú gerð á þessari flokkun að ekki er greint á milli notkunar íslenskra og erlendra aðila..

**10120 Flugvélabensín tekið hér á landi, innlend notkun** Hér á að skrá alla innlenda notkun á flugvélabensíni hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Hvort um er að ræða innlenda eða millilandanotkun ræðst af því hvort sá flugvöllur sem flugvélin er að fara til sé á Íslandi eða erlendis.

**10121 Flugvélabensín tekið hér á landi, millilandanotkun** Til þessa flokks telst öll sala hér á landi á flugvélabensíni til notkunar í flugi milli Íslands og annarra landa. Hvort um er að ræða innlenda eða millilandanotkun ræðst af því hvort sá flugvöllur sem flugvélin er að fara til sé á Íslandi eða erlendis.

**Flugvélabensín til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á flugvélabensíni til endursölu innanlands.

## 02 Bensín

Nú er einungis einn flokkur bensíns, þar sem ekki er lengur selt bensín með blýi. Ekki er greint á milli eftir oktantölu

þar sem hún getur breyst.

**10210 Blýlaust bensín á bifreiðar** Öll sala á blýlausu bensíni flokkast hér óháð oktantölu. Flugvélabensín er þó flokkað sér.

**Blýlaust bensín til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á blýlausu bensíni til endursölu innanlands.

## 03-04 Steinolía/Þotueldsneyti

Sala steinolíu til annarrar notkunar en á flugvélar er lítið sundurgreind enda er hér um lítið magn að ræða. Þotueldsneyti er skipt niður í tvo flokka, m.a. til að hægt sé að fá sérstaklega innlendu notkunina, þar sem millilandanotkun fær aðra meðhöndlun en innlend notkun í alþjóðlegri tölfræði og við útreikninga á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Sú breyting er gerð nú á þessari flokkun að ekki er greint á milli notkunar íslenskra og erlendra aðila.

**10310 Steinolía, samgöngur annað en flug** Hér á að skrá alla steinolíu til notkunar í samgöngum.

**10390 Steinolía, heimili/annað** Hér á að skrá alla notkun á steinolíu til heimilisnota.

**10420 Steinolía/Þotueldsneyti tekið hér á landi, innlend notkun** Hér á að skrá alla innlenda notkun á þotueldsneyti hvort sem um er að ræða innlenda eða erlenda aðila. Hvort um er að ræða innlenda eða millilandanotkun ræðst af því hvort sá flugvöllur sem flugvélin er að fara til sé á Íslandi eða erlendis.

**10421 Steinolía/Þotueldsneyti tekið hér á landi, millilandanotkun** Til þessa flokks telst öll sala hér á landi á þotueldsneyti til innlendra aðila til notkunar í flugi milli Íslands og annarra landa. Hvort um er að ræða innlenda eða millilandanotkun ræðst af því hvort sá flugvöllur sem flugvélin er að fara til sé á Íslandi eða erlendis.

**Steinolía og þotueldsneyti til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á steinolíu og þotueldsneyti til endursölu innanlands.

## 05 Dísilolía

Í eldri flokkun var Gasolía flokkur 05 en nú er þeim flokki skipt upp í þrjá meginflokka eða Dísilolíu, Skipagasolíu og Flotadísilolíu. Dísilolía er olía með eðlisþyngd um 0,845 kg/l sem hentar á bifreiðar og tæki. Ef notkun einhvers aðila getur talist til fleiri en eins flokks og ekki er hægt að greina þar á milli skal telja hana með þeim flokki þar sem notkunin er mest.

**10510 Dísilolía á bifreiðar (frá söludælu)** Sala á dísilolíu á bifreiðar. Um er að ræða sölu frá söludælu sem er ólituð olía.

**10511 Dísilolía á tæki (frá bíl)** Sala á díselolíu á tæki. Um er að ræða sölu frá bíl á tæki og einkadælur og er um að ræða litaða olíu.

**10530 Dísilolía, innlend fiskiskip** Sala á díselolíu til fiskiskipa sem skráð eru hér á landi. Fiskiskip í eigu Íslendinga sem skráð eru erlendis teljast einnig til þessa flokks ef þau eru gerð út frá Íslandi.

**10531 Dísilolía, erlend fiskiskip** Sala á díselolíu hér á landi til fiskiskipa í eigu útlendinga telst til þessa flokks.

**10532 Dísilolía, önnur skip, innlend notkun** Sala á díselolíu á skip í flutningum hér innanlands, ferjur, íslensk rannsóknaskip, íslensk varðskip, skip og bátar til skemmtisiglinga og önnur skip og bátar sem ekki stunda fiskveiðar og notuð eru hér innanlands teljast til þessa flokks. Innlend notkun telst til siglinga frá íslenskri höfn að íslenskri höfn.

**10533 Dísilolía, önnur skip, millilandanotkun** Skip í flutningum milli Íslands og annarra landa teljast til þessa flokks óháð því hvaðan þau eru gerð út.

**10540 Dísilolía, húshitun og sundlaugar** Dísilolía seld til hitunar íbúðar- eða atvinnuhúsnaðis telst til þessa flokks og einnig olía sem notuð er til hitunar sundlauga.

**10551 Dísilolía, steinefnaiðnaður** Dísilolía seld til fyrirtækja í steinefnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 26XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**10552 Dísilolía, framleiðsla og vinnsla málma** Dísilolía seld til fyrirtækja sem stunda vinnslu málma. Þessi flokkur samsvarar flokkum 27XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**10553 Dísilolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar** Dísilolía seld til fyrirtækja í matvælaiðnaði. Fiskimjölsiðnaður (15.20.7) er þó ekki talinn hér heldur er í sér flokki sökum þess hve mikil notkun er þar. Þessi flokkur samsvarar flokkum 15XX og 16XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**10554 Dísilolía, fiskimjölsiðnaður** Dísilolía seld til fyrirtækja í fiskimjölsiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokki 15.20.7 í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**10555 Dísilolía, efnaiðnaður** Dísilolía seld til fyrirtækja í efnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 24XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**10559 Dísilolía, annar iðnaður** Annar iðnaður en sá sem þegar hefur verið nefndur í flokkum 0951 til 0955 er settur hér. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**10560 Dísilolía, orkuvinnsla** Kaup raforkufyrirtækja og hitaveitna á dísilolíu til raforkuvinnslu eða hitunar á vatni telst til þessa flokks.

**10590 Dísilolía, annað** Notkun dísilolíu til annarra þátta en áður hafa verið nefndir er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Dísilolía til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á dísilolíu til endursölu innanlands.

## 06 Skipagasolía

Í eldri flokkun var Gasolía flokkur 05 en nú er þeim flokki skipt upp í þrjá meginflokka eða Dísilolíu, Skipagasolíu og Flotadísilolíu. Skipagasolía (Marine gasoil) er olía sem hentar fyrir skip og getur einnig hentað iðnaði. Hún er með eðlisþyngd um 0,845 kg/l og brennisteinsinnihald sem er undir 0,2%. Ef notkun einhvers aðila getur talist til fleiri en eins flokks og ekki er hægt að greina þar á milli skal telja hana með þeim flokki þar sem notkunin er mest.

- 10630 Skipagasolía, innlend fiskiskip** Hér á að skrá sölu til fiskiskipa sem skráð eru hér á landi. Fiskiskip í eigu Íslendinga sem skráð eru erlendis teljast einnig til þessa flokks ef þau eru gerð út frá Íslandi.
- 10631 Skipagasolía, erlend fiskiskip** Sala hér á landi á skipagasolíu til fiskiskipa í eigu útlendinga telst til þessa flokks.
- 10632 Skipagasolía, önnur skip, innlend notkun** Skip í flutningum hér innanlands, ferjur, íslensk rannsóknaskip, íslensk varðskip, skip og bátar til skemmtisiglinga og önnur skip og bátar sem ekki stunda fiskveiðar og notuð eru hér innanlands teljast til þessa flokks. Innlend notkun telst til siglinga frá íslenskri höfn að íslenskri höfn.
- 10633 Skipagasolía, önnur skip, millilandanotkun** Skip í flutningum milli Íslands og annarra landa teljast til þessa flokks óháð því hvaðan þau eru gerð út.
- 10640 Skipagasolía, húshitun og sundlaugar** Skipagasolía seld til hitunar íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis telst til þessa flokks og einnig olía sem notuð er til hitunar sundlauga.
- 10651 Skipagasolía, steinefnaiðnaður** Skipagasolía seld til fyrirtækja í steinefnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 26XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10652 Skipagasolía, framleiðsla og vinnsla málma** Skipagasolía seld til fyrirtækja sem stunda vinnslu málma. Þessi flokkur samsvarar flokkum 27XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10653 Skipagasolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar** Skipagasolía seld til fyrirtækja í matvælaiðnaði. Fiskimjölsiðnaður (15.20.7) er þó ekki talinn hér heldur er í sér flokki sökum þess hve mikil notkun er þar. Þessi flokkur samsvarar flokkum 15XX og 16XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10654 Skipagasolía, fiskimjölsiðnaður** Skipagasolía seld til fyrirtækja í fiskimjölsiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokki 15.20.7 í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10655 Skipagasolía, efnaiðnaður** Skipagasolía seld til fyrirtækja í efnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 24XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10659 Skipagasolía, annar iðnaður** Annar iðnaður en sá sem þegar hefur verið nefndur í flokkum 1051 til 1055 er settur hér. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.
- 10660 Skipagasolía, orkuvinnsla** Kaup raforkufyrirtækja og hitaveitna á skipagasolíu til raforkuvinnslu eða hitunar á vatni telst til þessa flokks.



**10690 Skipagasolía, annað** Notkun skipagasolíu til annarra þátta en áður hafa verið nefndir er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Skipagasolía til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á skipagasolíu til endursölu innanlands.

## 07 Flotadísilolía

Í eldri flokkun var Gasolía flokkur 05 en nú er þeim flokki skipt upp í þrjá meginflokka eða Dísilolíu, Skipagasolíu og Flotadísilolíu. Flotadísilolía (Marine diesel) er olía sem hentar fyrir skip og getur í sumum tilvikum einnig hentað iðnaði. Hún er með eðlisþyngd um 0,87-0,89 kg/l og brennisteinsinnihald 0,2-1,0%. Ef notkun einhvers aðila getur talist til fleiri en eins flokks og ekki er hægt að greina þar á milli skal telja hana með þeim flokki þar sem notkunin er mest.

- 10730 Flotadísilolía, innlend fiskiskip** Hér á að skrá sölu til fiskiskipa sem skráð eru hér á landi. Fiskiskip í eigu Íslendinga sem skráð eru erlendis teljast einnig til þessa flokks ef þau eru gerð út frá Íslandi.
- 10731 Flotadísilolía, erlend fiskiskip** Sala hér á landi á flotadísilolíu til fiskiskipa í eigu útlendinga telst til þessa flokks.
- 10732 Flotadísilolía, önnur skip, innlend notkun** Skip í flutningum hér innanlands, ferjur, íslensk rannsóknaskip, íslensk varðskip, skip og bátar til skemmtisiglinga og önnur skip og bátar sem ekki stunda fiskveiðar og notuð eru hér innanlands teljast til þessa flokks. Innlend notkun telst til siglinga frá íslenskri höfn að íslenskri höfn.
- 10733 Flotadísilolía, önnur skip, millilandanotkun** Skip í flutningum milli Íslands og annarra landa teljast til þessa flokks óháð því hvaðan þau eru gerð út.
- 10740 Flotadísilolía, húshitun og sundlaugar** Flotadísilolía seld til hitunar íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis telst til þessa flokks og einnig olía sem notuð er til hitunar sundlauga.
- 10751 Flotadísilolía, steinefnaiðnaður** Flotadísilolía seld til fyrirtækja í steinefnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 26XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10752 Flotadísilolía, framleiðsla og vinnsla málma** Flotadísilolía seld til fyrirtækja sem stunda vinnslu málma. Þessi flokkur samsvarar flokkum 27XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10753 Flotadísilolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar** Flotadísilolía seld til fyrirtækja í matvælaiðnaði. Fiskimjölsiðnaður (15.20.7) er þó ekki talinn hér heldur er í sér flokki sökum þess hve mikil notkun er þar. Þessi flokkur samsvarar flokkum 15XX og 16XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10754 Flotadísilolía, fiskimjölsiðnaður** Flotadísilolía seld til fyrirtækja í fiskimjölsiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokki 15.20.7 í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10755 Flotadísilolía, efnaiðnaður** Flotadísilolía seld til fyrirtækja í efnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 24XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10759 Flotadísilolía, annar iðnaður** Annar iðnaður en sá sem þegar hefur verið nefndur í flokkum 1151 til 1155 er settur hér. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.
- 10760 Flotadísilolía, orkuvinnsla** Kaup raforkufyrirtækja og hitaveitna á flotadísilolíu til raforkuvinnslu eða hitunar á vatni telst til þessa flokks.

**10790 Flotadísilolía, annað** Notkun flotadísilolíu til annarra þátta en áður hafa verið nefndir er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Flotadísilolía til endursölu** Hér á að á að skrá alla notkun á flotadísilolíu til endursölu innanlands.

## 08 Svartolía

Svartolía er mest notuð í fiskimjölsiðnaði og skipum en nokkur notkun er einnig í öðrum flokkum. Ef notkun einhvers aðila getur talist til fleiri en eins flokks á að telja hana með þeim flokki þar sem notkunin er mest.

- 10830 Svartolía tekin hér á landi, innlend fiskiskip** Hér á að skrá sölu til fiskiskipa sem skráð eru hér á landi. Fiskiskip í eigu Íslendinga sem skráð eru erlendis teljast einnig til þessa flokks ef þau eru gerð út frá Íslandi.
- 10831 Svartolía, erlend fiskiskip** Sala hér á landi á svartolíu til fiskiskipa í eigu útlendinga telst til þessa flokks.
- 10832 Svartolía, önnur skip, innlend notkun** Skip í flutningum hér innanlands, ferjur, íslensk rannsóknaskip, íslensk varðskip, skip og bátar til skemmtisiglinga og önnur skip og bátar sem ekki stunda fiskveiðar teljast til þessa flokks. Innlend notkun telst til siglinga frá íslenskri höfn að íslenskri höfn.
- 10833 Svartolía, önnur skip, millilandanotkun** Skip í flutningum milli Íslands og annarra landa teljast til þessa flokks óháð því hvaðan þau eru gerð út.
- 10840 Svartolía, húshitun og sundlaugar** Svartolía seld til hitunar íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis telst til þessa flokks og einnig olía sem notuð er til hitunar sundlauga.
- 10851 Svartolía, steinefnaíðnaður** Svartolía seld til fyrirtækja í steinefnaíðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 26XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10852 Svartolía, framleiðsla og vinnsla málma** Svartolía seld til fyrirtækja sem stunda vinnslu málma. Þessi flokkur samsvarar flokkum 27XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10853 Svartolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar** Svartolía seld til fyrirtækja í matvælaíðnaði. Fiskimjölsiðnaður (15.20.7) er þó ekki talinn hér heldur er í sér flokki sökum þess hve mikil notkun er þar. Þessi flokkur samsvarar flokkum 15XX og 16XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10854 Svartolía, fiskimjölsiðnaður** Svartolía seld til fyrirtækja í fiskimjölsiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokki 15.20.7 í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10855 Svartolía, efnaiðnaður** Svartolía seld til fyrirtækja í efnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 24XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.
- 10859 Svartolía, annar iðnaður** Annar iðnaður en sá sem þegar hefur verið nefndur í flokkum 0651 til 0655 er settur hér.
- 10860 Svartolía, orkuvinnsla** Kaup raforkufyrirtækja og hitaveitna á svartolíu til raforkuvinnslu eða hitunar á vatni telst til þessa flokks.
- 10890 Svartolía, annað** Notkun svartolíu til annarra þátta en áður hafa verið nefndir er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Svartolía til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á svartolíu til endursölu innanlands.

## 09 Kol og koks

Notkun á kolum og koxsi er skipt niður í eftirfarandi flokka.

**10950 Kol, iðnaður** Hér á að skrá alla notkun iðnfyrirtækja, annarra en málmvinnslufyrirtækja, á kolum.

**10952 Kol, framleiðsla og vinnsla málma** Hér á að skrá alla notkun málmvinnslufyrirtækja á kolum.

**10956 Koks, iðnaður** Hér á að skrá alla notkun iðnfyrirtækja, annarra en málmvinnslufyrirtækja, á koxsi.

**10957 Koks, framleiðsla og vinnsla málma** Hér á að skrá alla notkun stóriðjufyrirtækja á koxsi.

**10990 Kol, annað** Önnur notkun á kolum en til iðnaðar telst til þessa flokks. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**10991 Koks, annað** Önnur notkun á koxsi en til iðnaðar og málmvinnslu telst til þessa flokks. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Kol/Koks til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á kol/koks til endursölu innanlands.

## 10 Gas

Notkun á gasi er tiltölulega lítil hér á landi og er henni hér skipt niður í sex flokka.

**11040 Gas, heimili** Hér á að skrá alla notkun heimila á gasi svo sem á gasgrill, hitunartæki og lampa sem t.d. getur verið notað í sumarbústöðum. Öll smásala á gasi í verslunum lendir því undir þessum flokki og er þar um að ræða hylki upp í 9kg.

**11041 Gas, landbúnaður** Hér á að skrá alla notkun á gasi í landbúnaði. Sumt af þessari notkun er ekki hægt að greina frá heimilisnotkun og flokkast hún þá öll þar. Hér er aðallega um að ræða ylraekt þar sem afgreitt er frá gasstöð eða bíl.

**11050 Gas, iðnaður** Gas sem selt er til notkunar í iðnaði telst til þessa flokks. Sala á hylkjum af stærðinni 11-47 kg er flokkuð hér nema vitað sé að hún fari til annarra nota. Auk þess er hér um að ræða afgreiðslur frá bíl til stærri iðnaðarnotenda.

**11052 Gas, framleiðsla og vinnsla málma** Sala á gasi til málmvinnslufyrirtækja og beinn innflutningur þeirra. Um er að ræða afgreiðslur frá gasstöð eða frá bíl. Þessi flokkur samsvarar flokkum 27XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**11080 Gas, þjónusta** Sala á gasi til fyrirtækja í þjónustustarfsemi, svo sem matsölustaða, er flokkuð hér. Um er að ræða afgreiðslur frá gasstöð eða frá bíl.

**11090 Gas, annað** Sala á gasi til annarra þátta en áður hafa verið nefndir er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Gas til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á gasi til endursölu innanlands.

## 11 Metan

Notkun á metani er skipt í þrjá flokka.

**21110 Metan á bifreiðar** Hér á að skrá alla notkun metans sem fer á bifreiðar.

**21160 Metan til orkuvinnslu** Hér á að skrá alla notkun á metani til raforkuframleiðslu.

**21190 Metan, annað** Sala á metani til annarra þátta en áður hafa verið nefndir er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Metan til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á metani til endursölu innanlands.



## 12 Vetni

Notkun á vetni er skipt niður í eftirfarandi flokka.

**21210 Vetni á bifreiðar** Hér á að skrá alla notkun vetnis á bifreiðar.

**21290 Vetni, annað** Sala á vetni til annars en á bifreiðar er sett í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Vetni til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á vetni til endursölu innanlands.

## 13 Úrgangsolía, skautleifar og timburkurl

Notkun á ýmsum úrgangsefnum sem orkugjafa fer í þennan flokk.

**21356 Úrgangsolía** Hér á að skrá alla notkun úrgangsolíu.

**21357 Skautleifar** Hér á að skrá alla notkun skautleifa.

**21358 Timburkurl** Hér á að skrá alla notkun á timburkurli.

**Úrgangsolía/Skautleifar/Timburkurl til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á úrgangsolíu/skautleifar/timburkurli til endursölu innanlands.

## 14 Lífdísilolía

Hér skal einungis gefa upp það hlutfall sölu eldsneytisblöndu sem er lífdísilolía. Sé blandan sem seld er B5, skal gefa upp 5% af heildarsölu B5 eldsneytis. Það sem eftir er flokkast þá sem dísilolía.

**21410 Lífdísilolía á bifreiðar** Sala á lífdísilólíu á bifreiðar. Um er að ræða sölu frá söludælu sem er ólituð olía.

**21411 Lífdísilolía á tæki** Sala á lífdísilólíu á tæki. Um er að ræða sölu frá bíl á tæki og einkadælur og er um að ræða litaða olíu.

**21430 Lífdísilolía, innlend fiskiskip** Hér á að skrá sölu til fiskiskipa sem skráð eru hér á landi. Fiskiskip í eigu Íslendinga sem skráð eru erlendis teljast einnig til þessa flokks ef þau eru gerð út frá Íslandi

**21431 Lífdísilolía, erlend fiskiskip** Sala hér á landi á lífdísilólíu til fiskiskipa í eigu útlendinga telst til þessa flokks.

**21432 Lífdísilolía, önnur skip, innlend notkun** Skip í flutningum hér innanlands, ferjur, íslensk rannsóknaskip, íslensk varðskip, skip og bátar til skemmtisiglinga og önnur skip og bátar sem ekki stunda fiskveiðar og notuð hér innanlands teljast til þessa flokks. Innlend notkun telst til siglinga frá íslenskri höfn að íslenskri höfn.

**21433 Lífdísilolía, önnur skip, millilandanotkun** Skip í flutningum milli Íslands og annarra landa teljast til þessa flokks óháð því hvaðan þau eru gerð út.

**21440 Lífdísilolía, húshitun og sundlaugar** Lífdísilolía seld til hitunar íbúðar- eða atvinnuhúsnæðis telst til þessa flokks og einnig lífdísilolía sem notuð er til hitunar sundlauga.

**21451 Lífdísilolía, steinefnaiðnaður** Lífdísilolía seld til fyrirtækja í steinefnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 26XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**21452 Lífdísilolía, framleiðsla og vinnsla málma** Lífdísilolía seld til fyrirtækja sem stunda vinnslu málma. Þessi flokkur samsvarar flokkum 27XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**21453 Lífdísilolía, matvæla- og drykkjarvöruiðnaður utan fiskimjölsiðnaðar** Lífdísilolía seld til fyrirtækja í matvælaiðnaði. Fiskimjölsiðnaður (15.20.7) er þó ekki talinn hér heldur er í sér flokki sökum þess hve mikil notkun er þar. Þessi flokkur samsvarar flokkum 15XX og 16XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**21454 Lífdísilolía, fiskimjölsiðnaður** Lífdísilolía seld til fyrirtækja í fiskimjölsiðnaði. Þessi flokkur samsvarar 15.20.7 í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**21455 Lífdísilolía, efnaiðnaður** Lífdísilolía seld til fyrirtækja í efnaiðnaði. Þessi flokkur samsvarar flokkum 24XX í Íslenskri atvinnugreinaflokkun.

**21459 Lífdísilolía, annar iðnaður** Annar iðnaður en sá sem þegar hefur verið nefndur í flokkum 1151 til 1155 er settur hér. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**21460 Lífdísilolía, orkuvinnsla** Kaup raforkufyrirtækja og hitaveitna á lífdísilolíu til raforkuvinnslu eða hitunar á vatni telst til þessa flokks.

**21490 Lífdísilolía, annað** Sé lífdísilolía seld til annars en þess sem nefnt er hér að ofan, skal skrá það í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Lífdísilolía til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á lífdísilolíu til endursölu innanlands.

## 15 Etanól

Hér skal einungis gefa upp það hlutfall sölu eldsneytisblöndu sem er etanól. Sé blandan sem seld er E10, skal gefa upp 10% af heildarsölu E10 eldsneytis. Það sem eftir er flokkast þá sem bensín.

**21510 Etanól á bifreiðar** [Sala af dælu](#)

**21590 Etanól, annað** Sé etanól selt til annars en þess sem nefnt er hér að ofan, skal skrá það í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Etanól til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á etanóli til endursölu innanlands.

## 16 Metanól

Hér skal einungis gefa upp það hlutfall sölu eldsneytisblöndu sem er metanól. Sé blandan sem seld er M10, skal gefa upp 10% af heildarsölu M10 eldsneytis. Það sem eftir er flokkast þá sem bensín.

**21610 Metanól á bifreiðar** Sala af dælu.

**21656 Metanól til lífdísilframleiðslu** Sala á metanóli til framleiðenda sem hráefni til lífdísilframleiðslu.

**21690 Metanól, annað** Sé metanól selt til annars en þess sem nefnt er hér að ofan, skal skrá það í þennan flokk. Jafnframt skal skila skýringum á því hvers vegna salan fellur ekki í aðra flokka.

**Metanól til endursölu** Hér á að skrá alla notkun á metanóli til endursölu innanlands.

 ORKUSTOFNUN

